

Árborg
Bæjarráð
arborg@arborg.is
Selfoss

Reykjavík, 1. desember 2020.

Efni: Frjálsíþróttaaðstaða, nýframkvæmdir og viðhald eldri mannvirkja - Þjóðarleikvangur

Um leið og Frjálsíþróttasamband Íslands (FRÍ) þakkar sveitarfélaginu stuðning og velvilja í garð íþróttar þ.m.t. frjálsíþróttar vill FRÍ senda hvatningu til handa sveitarfélaginu er varðar áframhaldandi uppbyggingu og viðhaldi á íþróttamannvirkjum. Minna á mikilvægi þess, í fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2021, að fyrirliggjandi keppnis- og æfingaaðstæður verði alltaf fullnægjandi. Jafnt sem hugað sé að nýframkvæmdum í fjármálaáætlun næstu ára s.s. með undirbúningi, áætlunargerð, skipulagsgerð og annarri fjárfestingar- og þróunarvinnu.

Þá vill FRÍ benda á að mennta- og menningarmálaráðherra tilkynnti í byrjun nóvember að settur yrði á lagginnar starfshópur um þjóðarleikvang fyrir frjálsar íþróttir. Í gildi er reglugerð nr. 388/2018 um viðurkenningu þjóðarleikvanga í íþróttum. Starfshópnum er ætlað að vinna forvinnu sem upplýsir betur hvernig ber að vinna eftir reglugerðinni, afla upplýsinga um þarfir fyrir mannvirki til lengri tíma og greina mögulega nýtingu mannvirkja sem fyrir eru eða hvort ný mannvirki þarf til þess að geta staðið fyrir alþjóðlegum keppnum.

Það er von FRÍ að sveitarfélagið, héraðssambönd, íþróttabandalög og aðildarfélag FRÍ kynni sér umrædda reglugerð ítarlega þannig að ljóst sé að það verklag sem lýst er geti nýst öllum í tengslum við uppbyggingu á mannvirkjum fyrir frjálsar íþróttir. Áhugi sveitarfélagsins sem og íþróttahreyfingarinnar í heimabyggð þarf að koma skýr fram á skilmerkilegan hátt, sama hvort um er að ræða uppbyggingu á alþjóðlegum keppnisvelli sem gæti hýst þjóðarleikvang eða aðra fullgilda keppnivelli.

Mikilvægt er að mannvirkin, hverju sinni, geti nýst samfélaginu öllu við æfingar og keppni en einnig í öðrum lýðheilsuverkefnum íbúa. Á sama hátt að sveitarfélagið og íþróttasamfélagið, heima fyrir, geti í sameiningu tekið á móti vaxandi fjölda frjálsíþróttafólks frá öllum landshlutum vegna mótahalds.

Stuðningur sveitarfélagsins við íþróttastarfsemi, hér eftir sem hingað til, er mikilvægur enda er gildi íþróttar einn af meginstoðum sterks samfélags.

Með samstarfskveðju



Freyr Ólafsson
form. Frjálsíþróttasambands Íslands

Afrit: Héraðssambönd, íþróttabandalög og aðildarfélag FRÍ

Vinsamlegast staðfestið móttöku á erindinu